



Innleiðing ákvæða úr sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna í Garðabæ

Áslaug Hulda Jónsdóttir forseti bæjarstjórnar Garðabæjar

24 ár!!!



Af hverju að innleiða
Barnasáttmála Sameinuðu
þjóðanna?



Þann 15. mars 2012 var eftirfarandi tillaga samþykkt samhljóma í bæjarstjórn Garðabæjar :

„Lagt er til að ákvæði Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins verði innleidd á markvissan hátt í stjórnsýslu og í stofnunum Garðabæjar. Á það sérstaklega við um þau ákvæði sem lúta að vernd, umönnun og virkri þátttöku barna í ákvarðanatökum í málefnum er þau varða.“



Stýrihópur

Stýrihópur

- Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður
- Bryndís Baldvinsdóttir, lektor HR
- Steinþór Einarsson, bæjarfulltrúi

Starfsmenn

- Anna Magnea Hreinsdóttir leikskólafulltrúi
- Bergsteinn Jónsson, Unicef
- Hjördís Eva Þórðardóttir, Unicef



Stefna og aðgerðaráætlun

- Sett verði stefna um réttindi barna í Garðabæ
- Aðgerðaráætlun gerð með eftirfylgd
- Að nálgast viðhorf og skoðanir barna og ungmenna á ólíkum þáttum í umhverfi sínu



Barna- og ungmennaping

Niðurstöður þessa barna- og ungmennapings verða notaðar sem grunnur að stefnu um réttindi barna og ungmenna í Garðabæ, rammi fyrir framkvæmd innleiðingar Barnasáttmálans og vegvísir fyrir embættis- og stjórnámálamenn í Garðabæ.



Barnvænn bær

1. Þátttaka barna – að leita eftir sjónarmiðum barna og gefa þeim vægi og áhrif
2. Barnvæn umgjörð – lög og reglugerðir og framfylgd þeirra
3. Stefna um réttindi barna – aðgerðaráætlun
4. Nefnd/stýrihópur sem fer með réttindi barna og verkefnið barnvænn bær – mótar stefnu og fylgir eftir
5. Áhrif stefnumótunar og starfshátta á börn greind og metin – fyrir, meðan og á eftir
6. Áhrif fjárhagsáætlunar á börn – fá þau sinn hluta kökunnar og hafa börn áhrif á gerð fjárhagsáætlunar
7. Eftirfylgni og gögnum safnað um stöðu mála varðandi rétt barna
8. Upplýsa og kynna réttindi barna – fræðsla til fullorðinna og barna
9. Óháður umboðsaðili barna – UNICEF, umboðsmaður barna styðji við innleiðingu



TAKK

